

Grunnskóli Húnaþings vestra

Góður skóli – gjöful framtíð


Kennsluáætlun

Námsgrein: Sköpun

Bekkur/hópur: 5.- 7.bekkur

Kennari: Eydís Ósk Indriðadóttir

Tímabil: Hausti 2023 – Vor 2024



Hæfniviðmið

- Notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun.
- Nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun.
- Geti útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar. Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.
- Geti gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans. Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.
- Geti lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.

Lykilhæfni.

- Unnið sjálfstætt eftir verklýsingu við úrlausn verkefna.
- Gert sér grein fyrir að oft eru fleiri en ein rétt lausn og að læra má af mistökum.

Helstu námsbækur og gögn:

- Myndbönd og annað efni af netinu.
- Efni sem kennari leggur til hverju sinni og hentar hverju verkefni.

Leiðsagnarmat:

- Vinna í tímum og vinna með skapandi hugsun.
- Umsögn í lok annar.
- Verkfærni og vandvirkni.
- Vinnusemi og áhugi.
- Sjálfstæð vinnubrögð.
- Umgengni og fer eftir fyrirmælum.

Tímabil	Viðfangsefni
Ágúst	Verkefnamappan merkt og skreytt. Unnið með líðan í byrjun skólaárs, nemendur teikna sig, og lita, eins og þau sjá sig og hvernig þeim líður í byrjun skólaársins! Ýmis verkefni.
September	Heimabyggð – Ýmis verkefni tengd heimabyggðinni.
Október	Heimabyggð – Ýmis verkefni tengd heimabyggðinni.
Nóvember	Áhugasviðsverkefni - Nemendur velja sér eitthvað sem þau hafa áhuga á og byrja á því að finna myndir á netinu af því. Prentað út og teiknað eftir, líka klippa út myndirnar og teikna með. Ýmis verkefni.
Desember	Jólagjöf á sjúkrahúsið.
Janúar	Áhugasviðsverkefni. Nemendur velja sér eitthvað sem þau hafa áhuga á og búa til nokkurra blaðsíðna verkefni um það. Nemendur afla upplýsinga af netinu. Málað, teiknað og skrifað um viðfangsefnið.
Febrúar	Áhugasviðsverkefni. Nemendur velja sér eitthvað sem þau hafa áhuga á og búa til nokkurra blaðsíðna verkefni um það. Nemendur afla upplýsinga af netinu. Málað, teiknað og skrifað um viðfangsefnið.
Mars	Mynsturs myndir. Búa til eftir fyrirmynd. Páskaverkefni.
Apríl	Ljósmyndun – Fara út og finna eitthvað sem þau vilja teikna og mála/lita.
Maí	Vorverkefni. Unnið úti og inni. Ýmis verkefni.